



Aukin færni kennara og leiðbeinenda í framhaldsfræðslu

- Niðurstöður úr könnun

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Aðferðafræði	3
Niðurstöður.....	4
Lokaorð	8
Viðauki 1 - Kynningarbréf	9
Viðauki 2 – Spurningar í vefkönnun	10

Myndir

Mynd 1. Ráðningarform leiðbeinenda.....	4
Mynd 2. Aldur leiðbeinenda í framhaldsfræðslu.....	4
Mynd 3. Þátttaka í Stiklunámskeiðum.	5
Mynd 4. Álit leiðbeinenda á núverandi Stiklunámskeiðum FA.	5
Mynd 5. Fyrirkomulag á námi.....	6

Töflur

Tafla 1. Óskir um aukna þekkingu eða færni.	6
Tafla 2. Hentugur tími til að stunda nám.	7
Tafla 3. Tillögur um stuðning við leiðbeinendur í framhaldsfræðslu.	7

Inngangur

Í þjónustusamningi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA) við mennta- og menningarmálaráðuneytið er skilgreint hlutverk um þróun aðferða við kennslufræði fullorðinna (ath. hjá IEG hvaða grein og orðalag í nýjum samningi?) og hljóðar svo: „*Þróa aðferðir í framhaldsfræðslu í samvinnu við fræðsluaðila og miðla innlendum sem erlendum nýjungum til fagfólks.*“

Meginmarkmið Kennslufræðimiðstöðvar FA er að efla framhaldsfræðslu og gæði hennar með því að kynna og veita ráðgjöf um árangursríkar leiðir og nýjar áherslur í kennslufræðum fullorðinna og með þjálfun fagfólks hjá samstarfsaðilum og öðrum sem sinna framhaldsfræðslu. Hönnuð hafa verið 21 mismunandi kennslufræðinámskeið (Stiklur) í 5 klukkustunda einingum sem setja má saman á mismunandi hátt eftir þörfum. Einnig er veitt kennslufræðileg ráðgjöf í tengslum við Stiklunámskeið. Hjá Kennslufræðimiðstöð hefur einnig verið byggt upp gagnasafn, bæði hefðbundið með yfir 600 bókum og einnig rafrænt safn skjala sem vistað er á bóka- og gagnasafni á innri vef FA. Markhópur Kennslufræðimiðstöðvar FA eru fræðslustarfsmenn sem sinna framhaldsfræðslu á símenntunarmiðstöðvum, í fyrirtækjum og í framhaldsskólum.

Meðal verkefna ársins 2015 var að þróa Stiklunámskeið FA í samræmi við kröfur og þarfir markhópsins og vinna að mótun framtíðarsýnar. **Ákveðið var að kanna viðhorf markhópsins til núverandi framboðs á kennslufræðinámskeiðum og óskir þeirra um frekari þróun í starfi.** Til þess að kanna viðhorf og þarfir leiðbeinenda í framhaldsfræðslu var framkvæmd vefkönnun meðal samstarfsaðila FA um áherslur í kennslufræði og símenntun leiðbeinenda í fullorðins- og framhaldsfræðslu.

Aðferðafræði

Tilgangur könnunarinnar var að afla upplýsinga um óskir markhópsins sem lið í að þróa námsframboð í kennslufræði fullorðinna. Notuð var meginregla aðferðafræði til að afla upplýsinga um núverandi stöðu hópsins með lýsandi rannsóknarsniði. Framkvæmd var vefkönnun meðal samstarfsaðila FA. Könnunin var ætluð starfsfólki hjá fræðsluaðilum og leiðbeinendum í framhaldsfræðslu. Í upphafi var könnunin kynnt fyrir framkvæmdastjórum og farið þess á leit við þá að fá að leggja vefkönnun fyrir starfsfólk sem sinnir kennslu og skipuleggur kennslu fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar. Kynningarbréfið ásamt vefslóð til að taka þátt í könnuninni var sent tölvupósti og óskað eftir að hún yrði send til þeirra sem sinna kennslu á vegum fræðsluaðila, könnunin var nafnlaus og ekki var hægt að rekja svör til einstaklinga eða til fræðsluaðila. Sjá má kynningarbréfið í viðauka 1.

Könnunin var framkvæmd í vefkönnunarforriti í Google, þar sem einfalt er að leggja könnunina fyrir stóran hóp og niðurstöður birtast samstundis í kerfinu. Samtals voru níu spurningar í könnuninni, sjö spurningar voru um viðhorf, þarfir og óskir leiðbeinanda og tvær bakgrunnsspurningar. Spurningaformið var blanda af opnum spurningum og spurningum með valmöguleikum. Sjá má spurningalistann í viðauka 2.

Könnunin var send til 14 framkvæmdastjóra hjá jafn mörgum fræðsluaðilum föstudaginn 27. nóvember og hvatningarbréf um þátttöku var sent tveim vikum síðar, 11. desember. Könnuninni lauk 15. desember. Fræðsluaðilarnir voru: Austurbrú, Farskólinn á Norðurlandi vestra, Framvegis, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Fræðslunet Suðurlands, Iðan, Mímir, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Rafiðnaðarskólinn, Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi, Símei, Starfsmennt, Viska, Þekkingarnet Þingeyinga.


Þann 16. desember hófst vinna við úrvinnslu gagna. Alls svöruðu 88 leiðbeinendur könnuninni. Margir leiðbeinendur starfa hjá fræðsluaðilum og óljóst hversu margir þeirra sinna framhaldsfræðslu. Því var ekki óskað eftir tölulegum upplýsingum frá fræðsluaðilum um fjölda þeirra sem fengu könnunina senda heldur hvatt til þess að sem flestir tækju þátt. Samtals svöruðu 88 leiðbeinendur og starfsmenn fræðsluaðila.

Niðurstöður könnunarinnar eru birtar eru kynntar með myndrænum hætti ásamt stuttum texta og að lokum eru hugmyndir um hvernig vinna má áfram með niðurstöður.

Niðurstöður


Samtals voru níu spurningar í könnuninni, tvær bakgrunnsspurningar og sjö spurningar um kennslufærði og óskir markhópsins. Í bakgrunnsspurningum var spurt um hvers konar starfi viðkomandi leiðbeinandi sinnir hjá fræðsluaðila og um aldur leiðbeinenda. Í þessum niðurstöðukafla eru þær kynntar fyrst til að gefa vísbendingar um hópinn sem svaraði könnuninni en þessar spurningar voru aftast í spurningalistanum.

Í ljós kemur þegar spurt er um ráðningarform að verktakar eru ríflega helmingur (51%) þeirra sem svara könnuninni en 46% eru fastráðnir starfsmenn. Svarendur skýra ekki h ráðningarform sitt í þeim tilfellum sem svarað er „annað“.



M
Mynd 1. Ráðningarform leiðbeinenda.


Flestir leiðbeinendur eru á milli fertugs og fimmtugs eða 37 svarendur (43%), athygli vekur að eingöngu 16 leiðbeinendur eru yngri en 40 ára eða 26% svarenda.



Mynd 2. Aldur leiðbeinenda í framhaldsfræðslu.


Ráðningarform og aldur gefa vísbendingar um að þeir sem starfa við framhaldsfræðslu vinni við önnur störf auk kennslu í framhaldsfræðslu þar sem verktakaformið er oftast notað fyrir stutt og tímabundin verkefni, aldurinn gefur til kynna að fræðslustarfsmenn hafi umtalsverða reynslu af atvinnulífinu.

Í könnuninni er fyrst spurt um þátttöku í Stiklunámskeiðum FA um kennslufræði fullorðinna. Þar kemur fram að ríflega helmingur þeirra sem svara könnuninni hafa tekið þátt í Stiklunámskeiðum (54%) en tæplega helmingur (45%) hefur ekki tekið þátt í Stiklum.



Mynd 3. Þátttaka í Stiklunámskeiðum.

Óskað er eftir álitum svarenda á Stiklunámskeiðum. Samtals svara 86 þessari spurningunni en tveir svara ekki (2%). Meirihluti svarenda er ánægður með námskeiðin en samt sem áður kemur í ljós að 16 svarendur (18%) eru hvorki ánægð né óánægð og einn er mjög óánægður með námskeiðin.



Mynd 4. Álit leiðbeinenda á núverandi Stiklunámskeiðum FA.

Svarhlutfallið sem sjá má á mynd 4 er í góðu samræmi við spurninguna á undan (mynd 3) um þátttöku í Stiklunámskeiðum þar sem fram kemur að tæplega helmingur svarenda hefur ekki tekið þátt í Stiklunámskeiðum.


Þá er spurt um hvaða þekking eða fræðsla muni nýtast við kennslu í framhaldsfræðslu. Þarna koma fram margar góðar ábendingar og má gróflega flokka svörin í þrjú þemu. Viðfangsefnum er raðað upp eftir því hversu oft þau voru nefnd eins og sjá má í töflu 1.

Tafla 1. Óskir um aukna þekkingu eða færni.

A	Fjöldi	B	Fjöldi	C	Fjöldi
Kennsluaðferðir.	20	Námsörðugleikar, sérþarfir.	9	Vefnám, fjarkennsla.	6
Ný tækni og forrit.	12	Gerð kennsluefnis.	8	Fjölmennung.	4
Hvatning, tengsl, athygli.	10	Notkun samfélagsmiðla.	7	Námsmat.	4
Kennslufræði fullorðinna.	10	Kennsluvefur, kennslukerfi	7		

Ljóst er að flestir vilja læra meira um kennsluaðferðir, um fræðin sem aðferðirnar byggja á og um tækninýjungar. Athygli er vakin á því að nokkrir liðir fjalla um notkun upplýsingatækni en áherslur eru mismunandi. Einnig vilja leiðbeinendur bæta þekkingu sína á því hvernig farsælast er að hvetja fullorðna námsmenn, mynda tengsl við námsmenn og efla tengslamyndun innan hópa þar sem oft eru einstaklingar með ólíka reynslu og á ólíkum aldri. Jafnframt eru margir sem vilja aukna fræðslu um sérþarfir og var þar til dæmis nefnd fötlun, lestrarerfiðleikar og erfiðleikar með talnaskilning. Þá vilja margir auka færni sína í að gera kennsluefni og nota samfélagsmiðla og kennslukerfi til að stuðla að auknum sveigjanleika í námsframboði. Einnig nefna nokkrir vefnám, fjarkennslu, fjölmenningu og námsmat.

Næst var spurt um hvaða fyrirkomulag á námi hentar best. Taldir voru upp átta valkostir og svarendur gátu valið eins marga kosti og þeir vildu eins og sjá má á mynd 5.



Mynd 5. Fyrirkomulag á námi.

Langflestir svarendur kjósa að taka þátt í vinnustofum, hafa upptökur eða námskeið sem hægt er að taka þátt í hvar sem er, á eigin tölvu. Svarendur vilja síst að taka þátt í hefðbundnu námskeiði hjá FA og námskeiðum sem miðlað er í gegn um hefðbundinn fjarfundabúnað hjá fræðsluaðila. Tvö önnur svör voru nefnd sem var samvinna á félagsmiðlum og að það væri gott að hafa blandað fyrirkomulag en vinnustofur leiðinlegar.

Þegar spurt er um hvaða tími hentar best, þá kemur í ljós að það er afar mismunandi hvað hentar svarendum. Flestir nefna stutt námskeið utan við hefðbundinn vinnutíma.

Tafla 2. Hentugur tími til að stunda nám.

Tímalengd	Fjöldi
Kvöld og/eða helgar.	18
Stutt námskeið, minna en 3 klukkustundir.	14
Hálfur eða einn dagur.	14
Vinnudagar, 1-2 samliggjandi dagar.	9
Heilir vinnudagar, 1-5 dagar utan háannatíma.	5

Stór hópur kýs námskeið utan hefðbundins vinnutíma, á kvöldin og/eða um helgar og margir nefna stuttan tíma í senn, minna en 3 klukkustundir. Samt sem áður eru einnig fjölmargir sem nefna námskeið á vinnutíma, flestum þeirra hentar hálfur eða heill dagur og jafnframt er nokkur hluti sem vill gjarnan vera einn dag og allt upp í viku á námskeiði og þá gjarnan utan háannatíma hjá símenntunarmiðstöðvum. Í því sambandi eru oftast nefndir mánuðirnir maí og júní en einnig eru nefndir janúar, ágúst og september.

Spurt var um hvernig FA geti stutt betur við leiðbeinendur og kennara í framhaldsfræðslu. Hér var boðið upp á opinn svarreit þar sem fjölmargar góðar ábendingar komu fram eins og sjá má í töflu 3.

Tafla 3. Tillögur um stuðning FA við leiðbeinendur í framhaldsfræðslu.

Stuðningur FA getur falist í:	Fjöldi	Stuðningur FA getur falist í:	Fjöldi
Stuttum námskeiðum.	13	Að fá ástríðufulla kennara með reynslu.	1
Miðlun nýjunga.	9	Að móta stefnu um kröfur til kennara.	1
Að skapa faglegan vettvang.	9	Móta hvata til að taka þátt, auka virði.	1
Að halda áfram því sem verið er að gera.	5	Að áætla meiri tíma til undirbúnings.	1
Hagnýtum leiðbeiningum til kennara.	5	Að styðja virkar símenntunaráætlanir.	1
Að skapa vettvang til að hittast.	5	Að senda fréttapistla.	1
Að vera sýnileg og í sambandi við fræðsluaðila.	4	Stuðningi við fræðsluaðila til að bjóða eigin kennslufræðinámskeið.	1
Að kynna betur starfsemi FA.	3	Að kalla eftir hugmyndum.	1
Að gera kennsluefni.	3	Gera kynningarmyndbönd.	1
Að finna hentugar leiðir til að miðla fræðslu til verktaka.	2	Sérhæfðum námskeiðum í almennum greinum.	1
Nútímavæðingu, gamaldags nám í boði.	2	Námskeiði í íslensku fyrir útlendinga.	1

Segja má að öll atriðin sem hér hafa verið nefnd séu mikilvægir þættir til að auka stuðning við kennara og leiðbeinendur í framhaldsfræðslunni. Margir kjósa að áfram verði boðið upp á stutt námskeið með áherslu á að skapa faglegan vettvang fyrir leiðbeinendur og miðla nýjungum. Bent var á að námskeiðin sem í boði eru núna henti ekki að öllu leyti nútíma kennsluháttum, þau séu stundum gamaldags og óskað var eftir hagnýtum leiðbeiningum þar sem áhersla vær á að miðla nýjungum og fá reynslumikla kennara til að sinna fræðslunni.

Einnig var bent á að hjá fræðsluaðilum starfa reynslumiklir leiðbeinendur sem mætti styðja til að halda eigin kennslufræðinámskeið og að styðja þurfi símenntunarmiðstöðvarnar til að virkja og viðhalda eigin símenntunaráætlunum. Þá komu fram ábendingar um að FA þurfi að auka sýnileika sinn, kynna starfsemina og auka samstarfið við fræðsluaðila, kallað var eftir faglegum vettvangi, samstarfsvettvangi og aukinni miðlun á fræðslu til verktaka.

Að lokum gafst svarendum kostur á að skrifa annað sem þeir vildu láta koma fram. Undir þessum lið bárust samtals níu svör. Fram kom ánægja með Stiklunámskeið en bent var á að þau séu ekki alltaf kynnt nægilega vel fyrir þeim sem taka að sér kennslu hjá fræðsluaðilum. Bent var á að auka þurfi fjölmenningarlega kennslu, gott væri fyrir leiðbeinendur að geta hist á faglegum vettvangi til að ræða mál framhaldsfræðslunnar og Stiklunámskeið nefnd sem ein leið til þess. Nokkrir bentu á að það væri gott framtak að senda út könnun eins og þessa og að lokum má geta þess að einn aðili nefndi að gott væri að vita að FA vaki yfir kennurum á vettvangi.

Lokaorð

Stiklunámskeið hafa verið í stöðugri þróun hjá FA frá upphafi. Áherslur breytast og þarfir fræðslustarfsmanna einnig. Mikilvægt er að byggja á sterkum grunni en vera jafnframt opinn fyrir nýjungum og þörfum markhópsins hverju sinni. Skýr ósk kemur fram um að leggja aukna áherslu á sveigjanleika í námi.

Kennslufræði er mikilvægur þáttur í fræðslustarfsemi og mörg tækifæri eru til að auka þekkingu og færni fræðslustarfsmanna. Fram kemur að margir fræðslustarfsmenn eru verktakar sem felur í sér að þeir sinna oft öðrum störfum og hafa takmarkaðan tíma til að sinna faglegu starfi í framhaldsfræðslu.

Fram kemur skýr áhugi á að halda áfram vinnu við þróun kennslufræðinámskeiða FA og öðrum stuðningi við gæðastarf í framhaldsfræðslu. Þessar niðurstöður verða kynntar fræðsluaðilum og hjá FA verður unnið áfram að þróun verkefna sem falla að þörfum fræðslustarfsmanna.

Viðauki 1 - Kynningarbréf

Kæri framkvæmdastjóri

Í þjónustusamningi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA) við mennta- og menningarmálaráðuneytið er skilgreint hlutverk um að þróa aðferðir við kennslufræði fullorðinna. Við viljum með bréfi þessu fara þess á leit við fræðsluaðila að fá að leggja vefkönnun fyrir starfsfólk sem sinnir kennslu og skipuleggur kennslu fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar.

Tilgangurinn er að þróa námsframboð í kennslufræði fullorðinna með því að afla upplýsinga um fræðsluþarfir þeirra sem starfa við framhaldsfræðslu.

Þessi vefkönnun er ætluð starfsfólki hjá fræðsluaðilum og leiðbeinendum í framhaldsfræðslu. Það tekur aðeins um 5-10 mínútur að svara könnuninni, hún er nafnlaus og ekki hægt að rekja svör til einstaklinga eða til einstakra fræðsluaðila

Það er okkur mikils virði að fá svör frá sem flestum leiðbeinendum og starfsfólki en við viljum samt sem áður taka fram að þátttaka er val og ekki er skylt að svara öllum spurningunum en þátttaka er mikils virði til að stuðla að því að kennslufræðimiðstöðin geti komið til móts við þarfir í framhaldsfræðslunni. Ef þú vilt fá nánari upplýsingar er þér velkomið að hafa samband við okkur.

VEFSLÓÐ_____.

Með fyrirfram þökk fyrir þátttökuna

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Bergþóra Hlín Arnórsdóttir

Viðauki 2 – Spurningar í vefkönnun

Kennslufræði í framhaldsfræðslu

Kæri þátttakandi.

Þessi vefkönnun er ætluð kennurum/leiðbeinendum í framhaldsfræðslu og starfsfólki hjá fræðsluaðilum. Tilgangurinn er að þróa námsframboð í kennslufræði fullorðinna hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) með því að afla upplýsinga um fræðsluþarfir þeirra sem starfa við framhaldsfræðslu.

Það tekur um 5 mínútur að svara könnuninni, hún er nafnlaus og ekki hægt að rekja svör til einstaklinga eða til einstakra fræðsluaðila.

1. Hefur þú tekið þátt í Stiklunámskeiðum FA, í kennslufræði fullorðinna?

Merktu aðeins við einn valkost.

- Já.
- Nei.
- Veit ekki.

2. Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með núverandi Stiklunámskeið?

Merktu aðeins við einn valkost.

- Mjög ánægð/ur.
- Ánægð/ur.
- Hvorki ánægð/ur né óánægð/ur.
- Óánægð/ur.
- Mjög óánægð/ur.
- Hef enga skoðun, hef ekki tekið þátt í Stiklum.

3. Hvaða þekking eða fræðsla mundi nýtast þér við kennslu í framhaldsfræðslu?

.....

.....

.....

.....

.....

4. 4. Hvers konar fyrirkomulag á námi hentar þér best?

Þú getur valið eins marga svarkosti og þú vilt.
Merktu við allt sem við á.

- Hefðbundið námskeið hjá FA.
- Hefðbundið námskeið hjá fræðsluaðila.
- Námskeið í fjarfundi, hjá fræðsluaðila.
- Námskeið í fjarfundi, miðlað í tölvu.
- Upptökur.
- Vinnustofur.
- Fræðsluerindi.
- Kynningar.
- Annað:

5. 5. Hvaða tími og lengd hentar þér best?

.....

.....

.....

.....

.....

6. 6. Hvernig getur Fræðslumiðstöð atvinnulífsins stutt betur við kennara/leiðbeinendur í framhaldsfræðslu?

.....

.....

.....

.....

.....

7. 7. Starf hjá fræðsluaðila.

Merktu aðeins við einn valkost.

- Fastráðinn starfsmaður.
- Verktaki.
- Annað:

8. 8. Aldur.

Merktu aðeins við einn valkost.

- Yngri en 30 ára.
- 31-39 ára.
- 40-49 ára.
- 50-59 ára.
- 60 ára eða eldri.